Notendahandbók fyrir
HENRY®
stærð I, II og III

Eirberg

# H. MEYLAND-SMITH A/S



Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • Sími 569 3100 • Fax 569 3101 • eirberg@eirberg.is • www.eirberg.is

| | |
|---|---|
| Handle bar | handföng |
| Upper tube | Efra rör |
| Front wheel bar | framhjólastöng |
| Allen key | Sexkantur |
| Rear wheel bar | afturhjólastöng |
| Rear wheel tube | Afturhjólarör |
| Ruler | Stillir |
| Spanner grip | Hersluhandfang |
| Locking arm | Læsiarmur |
| Rear wheel | Afturhjól |
| Swivel lock | Snúningslás |
| Swivelling front wheel | Framhjól sem snýst |




1. mynd

## Kynning

Í þessum notkunarleiðbeiningum er að finna upplýsingar um hvernig á að setja saman og stilla HENRY®, hvernig viðhaldi er háttað, hvers ber að gæta og annað sem máli skiptir.

HENRY® er viðsnúin göngugrind. Með því er átt við að notandinn ýtir henni ekki á undan sér heldur dregur hana á eftir sér. Þannig fær hann bætt aðgengi að svæðinu fyrir framan sig og getur óhindrað hreyft sig áfram. Göngugrindin stuðlar á virkan hátt að styrkingu líkamans með göngu og stöðu og hvetur þannig til eðlilegrar göngu. HENRY® hentar bæði innan- og utanhúss.

Á 1. mynd má sjá nöfn einstakra hluta HENRY® sem vísað er til í textanum.

## Áður en notkun hefst

Það er nær algjörlega búið að setja HENRY® saman við afhendingu. Kannið hvort í umbúðunum er að finna eftirfarandi:

- samanbrotna grunngrind,
- handföng með samanbrotnum efri rörum.

Athugið að 5 mm sexkantur fylgir með HENRY®. Hann er að finna í plasttappa öðrum megin á afturhjólastönginni (sjá 1. mynd).

**Að bretta út grunngrindina:**
Grunngrindin er brett út þannig að hún er látin standa á framhjólunum og haldið er í framhjólastöngina með annarri hendi (sjá 2. mynd). Síðan er tekið í afturhjólastöngina og henni lyft svo grindin opnast. Loks þarf að læsa grindinni með því að ýta læsiarminum lengra niður (sjá 3. mynd).



Figure 3



Figure 2

**Að setja handföngin á:**
Brettið út efri rör og setið hersluhandföngin utan á (sjá 4. mynd). Það gæti þurft að losa skrúfurnar ofan á efri rörum (sjá 7. mynd) með sexkantinum. Hersluhandföngin eru alveg losuð af og efri rörunum komið fyrir ofan í götin efst á afturhjólarörunum (sjá 5. mynd). Að lokum eru hersluhandföngin skrúfuð aftur á efri rörin gegnum rauf í afturhjólarörunum.

**Að setja fylgihlutina á:**
Lýsingu á því hvernig setja á fylgihluti á göngugrindina er að finna í kaflanum: „Að setja fylgihluti á og stilla þá rétt." Þetta á bæði við um þá fylgihluti sem fylgja og þá sem síðar eru keyptir.

**Að stilla grunngerðina:**
**Hæð handfanga:**
Hæð handfanga er stillt með því að losa hersluhandföngin og renna efri rörum upp eða niður á við (sjá 6. mynd). Notið merkistrikin á afturhjólarörum sem viðmið til að stilla í sömu hæð báðum megin. Herðið handföngin aftur þegar rétt hæð er fengin.

**Viðvörun:**
Efri rörin á HENRY® III eru merkt með gulu viðvörunarmerki (sjá 7. mynd). Merkið sýnir hámarksútdrátt á efri rörunum, einungis efsti hluti gula viðvörunarmiðans má sjást. Ekki má yfirstíga þessa viðvörun, öryggisins vegna.

**Lárétt stilling á handföngum:**
Hægt er að renna handföngunum fram eða aftur í rörunum með því að losa skrúfurnar tvær (sjá 8. mynd) með sexkantinum. Þegar rétt staða hefur verið fundin eru skrúfurnar hertar á ný með sexkantinum.

**Snúningslás á framhjólum:**
Snúningslásar eru staðalbúnaður á HENRY®. Hægt er að festa læsipinnann þannig að framhjólin geta snúist að vild (sjá 9. mynd) eða snúa honum í fjórðung úr hring þannig að hann festist í gati á framhjólinu (sjá 10. mynd).


*Figure 4*


*Figure 6*


*Figure 8*


*Figure 5*



*Figure 7*


*Figure 9*


*Figure 10*

Hægt er að stilla hæð sætisins með því að losa sexkantsskrúfurnar tvær á lóðréttu járnunum á sætinu (sjá 14. mynd). Þegar réttri hæð er náð eru sexkantsskrúfurnar hertar á ný.

Þegar notandi hyggst ganga af stað gæti sætið verið fyrir. Þá er því einfaldlega ýtt aftur (sjá 15. mynd). Þegar notandinn vill setjast á ný er sætinu ýtt fram að nýju.

**Karfa:**
Karfan er fest með körfuhaldara sem er festur annað hvort á miðja framhjólastöngina (efri staða körfu) eða á afturhjólastöngina (neðri staða körfu). Sexkantsskrúfurnar tvær eru festar aftan frá gegnum körfuhaldarann og í málmstyrktan plasthaldara (sjá 16. mynd).

Hægt er að festa körfuna á krókana tvo á körfuhaldaranum í tveimur hæðum, annað hvort í hástillingu með því að nota spöngina á miðri körfunni (sjá 17. mynd) eða í lágstillingu með því að nota spöngina efst á körfunni.

**Veltivörn:**
Veltivörn er sett á afturhjólarörin með því að renna U-tenginu á veltivörninni yfir litla rörið aftan á afturhjólarörinu (sjá 18. mynd). Þrýstið sexkantsskrúfunni gegnum og skrúfið hana fasta við U-tengið (sjá 19. mynd).

Hæðin á veltivörninni frá jörðu er stillt með stilliskrúfu ofan á veltivörninni (sjá 19. mynd). Fyrst er losað um festiróna. Til þess þarf 13 mm (1/2") lykil. Veltivörninni er lyft upp þannig að haus stilliskrúfunnar hvíli á afturhjólsrörinu og svo er stilliskrúfan skrúfuð fram eða aftur til að ná réttri hæð. Að því loknu eru festiróin hert og sexkantsskrúfan skrúfuð föst gegnum U-tengið.

**Toghemlar:**
Toghemlarnir eru settir á afturhjólarörin með því að ýta sexkantsskrúfu gegnum litla rörið framan á afturhjólarörinu og að skrúfa hana í róna sem er logsoðin við toghemilinn (sjá 20. mynd).

Þrýstingur á dekkið er stilltur með því að skrúfa neðri sexkantsskrúfuna í átt að neðsta hluta afturhjólarörsins (sjá 20. mynd). Þegar réttur þrýstingur er fenginn er festiróin hert.


Figure 11


Figure 13


Figure 15


Figure 17


Figure 12


Figure 14


Figure 16

| | |
|---|---|
| Handle bar | handföng |
| Upper tube | Efra rör |
| Front wheel bar | framhjólastöng |
| Allen key | Sexkantur |
| Rear wheel bar | afturhjólastöng |
| Rear wheel tube | Afturhjólarör |
| Ruler | Stillir |
| Spanner grip | Hersluhandfang |
| Locking arm | Læsiarmur |
| Rear wheel | Afturhjól |
| Swivel lock | Snúningslás |
| Swivelling front wheel | Framhjól sem snýst |

1. mynd

## Kynning

Í þessum notkunarleiðbeiningum er að finna upplýsingar um hvernig á að setja saman og stilla HENRY®, hvernig viðhaldi er háttað, hvers ber að gæta og annað sem máli skiptir.

HENRY® er viðsnúin göngugrind. Með því er átt við að notandinn ýtir henni ekki á undan sér heldur dregur hana á eftir sér. Þannig fær hann bætt aðgengi að svæðinu fyrir framan sig og getur óhindrað hreyft sig áfram. Göngugrindin stuðlar á virkan hátt að styrkingu líkamans með göngu og stöðu og hvetur þannig til eðlilegrar göngu. HENRY® hentar bæði innan- og utanhúss.

Á 1. mynd má sjá nöfn einstakra hluta HENRY® sem vísað er til í textanum.

## Áður en notkun hefst

Það er nær algjörlega búið að setja HENRY® saman við afhendingu. Kannið hvort í umbúðunum er að finna eftirfarandi:

- samanbrotna grunngrind,
- handföng með samanbrotnum efri rörum.

Athugið að 5 mm sexkantur fylgir með HENRY®. Hann er að finna í plasttappa öðrum megin á afturhjólastönginni (sjá 1. mynd).

**Að bretta út grunngrindina:**
Grunngrindin er brett út þannig að hún er látin standa á framhjólunum og haldið er í framhjólastöngina með annarri hendi (sjá 2. mynd). Síðan er tekið í afturhjólastöngina og henni lyft svo grindin opnast. Loks þarf að læsa grindinni með því að ýta læsiarminum lengra niður (sjá 3. mynd).

**Að setja handföngin á:**
Brettið út efri rör og setið hersluhandföngin utan á (sjá 4. mynd). Það gæti þurft að losa skrúfurnar ofan á efri rörum (sjá 7. mynd) með sexkantinum. Hersluhandföngin eru alveg losuð af og efri rörunum komið fyrir ofan í götin efst á afturhjólarörunum

(sjá 5. mynd). Að lokum eru hersluhandföngin skrúfuð aftur á efri rörin gegnum rauf í afturhjólarörunum.

**Að setja fylgihlutina á:**
Lýsingu á því hvernig setja á fylgihluti á göngugrindina er að finna í kaflanum: „Að setja fylgihluti á og stilla þá rétt." Þetta á bæði við um þá fylgihluti sem fylgja og þá sem síðar eru keyptir.

**Að stilla grunngerðina:**
**Hæð handfanga:**
Hæð handfanga er stillt með því að losa hersluhandföngin og renna efri rörum upp eða niður á við (sjá 6. mynd). Notið merkistrikin á afturhjólarörum sem viðmið til að stilla í sömu hæð báðum megin. Herðið handföngin aftur þegar rétt hæð er fengin.

**Viðvörun:**
Efri rörin á HENRY® III eru merkt með gulu viðvörunarmerki (sjá 7. mynd). Merkið sýnir hámarksútdrátt á efri rörunum, einungis efsti hluti gula viðvörunarmiðans má sjást. Ekki má yfirstíga þessa viðvörun, öryggisins vegna.

**Lárétt stilling á handföngum:**
Hægt er að renna handföngunum fram eða aftur í rörunum með því að losa skrúfurnar tvær (sjá 8. mynd) með sexkantinum. Þegar rétt staða hefur verið fundin eru skrúfurnar hertar á ný með sexkantinum.

**Snúningslás á framhjólum:**
Snúningslásar eru staðalbúnaður á HENRY®. Hægt er að festa læsipinnann þannig að framhjólin geta snúist að vild (sjá 9. mynd) eða snúa honum í fjórðung úr hring þannig að hann festist í gati á framhjólinu (sjá 10. mynd).

## Að setja fylgihluti á og stilla þá rétt:

**Mjaðmastuðningur:**
Mjaðmastuðningurinn er festur á aftari hluta handfangarörsins. Fyrst er losað um skrúfurnar sem halda plasthaldaranum aftan á hvorum mjaðmastuðningi. Plasthaldarinn er svo settur utan um rörið og skrúfaður fastur með sexkantinum í festingarnar á mjaðmastuðningnum (sjá 11. mynd).

Hægt er að stilla horn og fjarlægð mjaðmastuðningsins með því að losa sexkantsskrúfurnar. Herðið skrúfurnar á ný eftir stillingu.

**Að stilla sætishæð:**
Sætinu er komið fyrir ofan á afturhjólastönginni. Fyrst er losað um skrúfurnar sem halda plasthaldaranum og hann svo settur utan um rörið og skrúfaður fastur með sexkantinum í lóðréttu járnin á sætinu (sjá 12. og 13. mynd). Ekki má herða skrúfurnar mjög fast því þá er ekki hægt að ýta sætinu aftur þegar notandinn vill ganga af stað.

Hægt er að stilla hæð sætisins með því að losa sexkantsskrúfurnar tvær á lóðréttu járnunum á sætinu (sjá 14. mynd). Þegar réttri hæð er náð eru sexkantsskrúfurnar hertar á ný.

Þegar notandi hyggst ganga af stað gæti sætið verið fyrir. Þá er því einfaldlega ýtt aftur (sjá 15. mynd). Þegar notandinn vill setjast á ný er sætinu ýtt fram að nýju.

**Karfa:**
Karfan er fest með körfuhaldara sem er festur annað hvort á miðja framhjólastöngina (efri staða körfu) eða á afturhjólastöngina (neðri staða körfu). Sexkantsskrúfurnar tvær eru festar aftan frá gegnum körfuhaldarann og í málmstyrktan plasthaldara (sjá 16. mynd).

Hægt er að festa körfuna á krókana tvo á körfuhaldaranum í tveimur hæðum, annað hvort í hástillingu með því að nota spöngina á miðri körfunni (sjá 17. mynd) eða í lágstillingu með því að nota spöngina efst á körfunni.

**Veltivörn:**
Veltivörn er sett á afturhjólarörin með því að renna U-tenginu á veltivörninni yfir litla rörið aftan á afturhjólarörinu (sjá 18. mynd). Þrýstið sexkantsskrúfunni gegnum og skrúfið hana fasta við U-tengið (sjá 19. mynd).

Hæðin á veltivörninni frá jörðu er stillt með stilliskrúfu ofan á veltivörninni (sjá 19. mynd). Fyrst er losað um festiróna. Til þess þarf 13 mm (1/2”) lykil. Veltivörninni er lyft upp þannig að haus stilliskrúfunnar hvíli á afturhjólsrörinu og svo er stilliskrúfan skrúfuð fram eða aftur til að ná réttri hæð. Að því loknu eru festiróin hert og sexkantsskrúfan skrúfuð föst gegnum U-tengið.

**Toghemlar:**
Toghemlarnir eru settir á afturhjólarörin með því að ýta sexkantsskrúfu gegnum litla rörið framan á afturhjólarörinu og að skrúfa hana í róna sem er logsoðin við toghemilinn (sjá 20. mynd).

Þrýstingur á dekkið er stilltur með því að skrúfa neðri sexkantsskrúfuna í átt að neðsta hluta afturhjólarörsins (sjá 20. mynd). Þegar réttur þrýstingur er fenginn er festiróin hert.

## Öryggisráðstafanir

**Viðvörun:**
HENRY® er meðferðarbúnaður og á einungis að notast í þeim tilgangi!
HENRY® rennur auðveldlega og alltaf ætti að hafa í huga mögulegar hættur sem börn geta lent í.
Athugið því:

**Barn má aldrei vera án eftirlits í HENRY®!**

**Viðvörun:**

- Notið ekki verkfæri til að herða hersluhandföngin. Þá gætu handföng og/eða skrúfgangur skemmst.
- Athugið að kanna alltaf hvort allar skrúfur og handföng hafa verið hert þegar stillingum er breytt.

**Takmörk um notkun:**

- Leyfður hámarksþungi notanda er:
  50 kg fyrir stærðir **I** og **II**
  80 kg fyrir stærð **III**.
- Göngugrindina ætti einvörðungu að nota á flötu, sléttu og öruggu undirlagi.

**Viðhald**
Hægt er að þvo HENRY® með klúti undnum upp úr heitu vatni og með venjulegri sápu.

Sé sápa oft notuð getur áferðin smám saman orðið mött en það er hægt að bóna grindina með bílabóni. Farið eftir fyrirmælum um notkun þess.

**Að athuga herslu:**
Kannið reglulega hvort öll handföng, boltar, skrúfur og rær séu hertar nægilega mikið og herðið ef með þarf.

**Tæknilegar upplýsingar:**

| **Stærðir:** | **Stærð I** | **Stærð II** | **Stærð III** |
|---|---|---|---|
| Heildarlengd | 60 sm | 69 sm | 87 sm |
| Heildarbreidd | 57 sm | 61 sm | 70 sm |
| Hæð handfanga | 43-55 sm | 55-75 sm | 71-88 sm |
| Fjarlægð milli handfanga | 40 sm | 44 sm | 49 sm |
| Sætishæð (aukahlutur) | 40-52 sm | 46-58 sm | 57-74 sm |

**Þyngd:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HENRY® grunngerð | 7 kg | 8 kg | 10 kg |
| Mjaðmastuðningur | ½ kg | ½ kg | ½ kg |
| Sæti m/hæðarstillingu | 2 kg | 2 kg | 2 kg |
| Karfa | 1 ½ kg | 1 ½ kg | 1 ½ kg |
| Veltivörn (par) | ½ kg | ½ kg | ½ kg |
| Toghemlar (par) | ½ kg | ½ kg | ½ kg |

**Efni:**

| | |
|---|---|
| Grind | Duftúðuð og krómhúðuð stálrör |
| Handföng | Svartur gúmmíþófi sem hrindir frá sér vatni |
| Aukahlutir | Duftúðað og svart rafgalvaníserað stál |
| Bólstrun aukahluta | Leðurlíki |

**Annað:**

| | |
|---|---|
| Hjól | Mjúk gegnheil gúmmídekk á felgu úr gerviefni með sjálfsmyrjandi kúlulegum og samhæfðum bakhemlum. |
| Litir | Vínrautt, RAL 3004 / Blátt, RAL 5002 |

**CE-merking:**

| |
|---|
| HENRY® e VE-merktur. Þetta er trygging fyrir því að HENRY® uppfyllir allar viðeigandi öryggiskröfur í tilskipun ESB 93/42/EEC um lækningabúnað. |